

Stjórnarfundur í Eyjafjarðardeild 8. mars kl. 17 í Viðjulundi

Viðstödd: Gunnar Frímansson formadur, Karen Malmquist varaformaður, Jón Baldvin Hannesson ritari, (Kristín Björk Gunnarsdóttir), (Gísli Kort Kristófersson), Hilmar Friðjónsson, Konráð Karl Baldvinsson, Kristjana V. Valgeirsdóttir, Sigríður Stefánsdóttir, (Fjóra Valborg Stefánsdóttir), Kári Fannar Lárusson, Jovana Kotaras og Þorsteinn K. Björnsson.

Fundarefni:

1. Starfsmannakostnaður
Staðfest ákvörðun stjórnar í tölvupósti 16. febrúar um að deildin niðurgreiði matarkostnað starfsfólks í Viðjulundi tvisvar í viku, skv. beiðni starfsmanna og í samræmi við mnótframlag landsskrifstofu til matarkostnaðar starfsmanna sinna.
2. Staðfest ákvörðun stjórnar í tölvupósti 16. febrúar um að deildin framlengi ráðningu Róberts Theódórssonar um óákveðinn tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti eins og kjarasamningar gera ráð fyrir.
3. Ársreikningur Eyjafjarðardeildar fyrir árið 2022.
Lagður verður fram til skoðunar ársreikningur Eyjafjarðardeildar fyrir árið 2022. Stjórnin samþykkir ársreikninginn. Það þarf að staðfesta reikninginn fyrir aðalfundinn 13. Mars, sent til stjórnarmanna í tölvupósti.
4. Hlutur Eyjafjarðardeildar af framlagi ríkisins til flóttamannaþjónustu.
Deildarstjóri gerir grein fyrir stöðu málsins.
5. Neyðarsöfnun vegna jarðskjálfta í Sýrlandi og Tyrklandi, einnig horft til verkefna í Sierra Leone og Austur Afríku með áherslu á Sómalíu.
Stjórnin samþykkir að framlag deildarinnar verði 2,5 milljónir og fari til Austur Afríku/Sómalíu.
6. Vefur Rauða krossins
Vefur Rauða krossins var skoðaður og ræddar hugsanlegar ábendingar til vefstjórnar um endurbætur á vefnum. Helstu ábendingar: 1) Uppsetning vefjarins er óreiðukennd. Einfalda þarf skipulag og flokkun 2) Setja þarf upp stikum með undirsíðum 3) Íslenski fáninn og enski þurfa að vera á forsíðu til að velja milli tungumálanna. Bæta þarf enskuhlutann. 4) Setja upp kort af landinu til að sýna deildaskiptingu og skrifstofur. 5) Settur verði á fót starfshópur um endurbætur á vefnum. Í honum sitji fulltrúar frá landsskrifstofu og deildum.
7. Aðsókn á aðalfund
Ræddar voru hugmyndir um aðgerðir til að fjölga þátttakendum í aðalfundum félagsins.
8. Önnur mál

Gunnar Frímansson
Karen Malmquist
Kristjana V. Valgeirsdóttir
Sigríður Stefánsdóttir
Hilmar Friðjónsson

Jón Baldvin Hannesson
Konráð Karl Baldvinsson
Kári Fannar Lárusson